Finndu okkur á

# FJARÐAR fréttir

Fimmtudagur 24. nóvember 2016 | 15. tbl. 14. árg. Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

FJÖRÐUR

Fös. 25. nóv.

Bæjarhátíð

*Sjá dagskrá á baksíðu!*

*Flugeldasýning kl. 19:00*

*í samvinnu við Björgunarsveit Hafnarfjarðar!*



Geir Ólafsson



Stefán Hilmarsson

Ofurtilboð

eða TaxFree

í verslunum Fjarðar alla helgina



Björgvin Franz og Ester Jökuls – Hnallþórujól



Páll Rósinkranz og Karlakórinn Prestir

Opið til

kl. 21:00

föstudag



Jólasveinarnir mæta



Felex Bergsson




FJÖRÐUR
KONA
TAX FREE
DÍS
Íslensk hönnun
SKÓHÖLLIN
EUROSKO • Firði
TAX FREE
MIND
HERRA
HAFNARFJÖRÐUR
TAX FREE
ARTDECO
Snyrtistofa Rósu
Fjarðargötu 13-15 Sími: 555-2056
Sími: 552 2056

Finndu okkur á
# FJARÐAR fréttir
Fimmtudagur 24. nóvember 2016 | 15. tbl. 14. árg. Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði
www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Sjónlínan
Gleraugnaverslun
Strandgötu, Hafnarfirði
Sími 555 7060
www.sjonlinan.is

BÍLAVERKSTÆÐI
VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR
Sími 564 0400
Bílaraf
www.bilaraf.is
FRUM - www.frum.is
Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður

A-stöðin
TAXI
Hafnfirska leigubílastöðin
520 1212


MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook/vonmathus

ÁS
FASTEIGNASALA
Stofnuð 1988


Fjarðargötu 17
Sími: 520 2600
Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is
www.as.is

# Reginn og VÍS eignast Áslandsskóla

## Keyptu 63% hlut í FM-húsum og stefna á yfirtöku

Fasteignafélagið Reginn og VÍS hafa keypt 63% hlut í FM-húsum sem á húsnæði Áslandsskóla og húsnæði leikskólanna Tjarnaráss og Hörðuvalla. Í eignasafninu er einnig skólahúsnæði í Garðabæ og skrifstofuhúsnæði við Bæjarhraun, samtals 10.500 m². Sveitarfélögin Hafnarfjörður og Garðarbær standa á bak við 90% af leigutekjum. Voru samningar undirritaðir 17. nóvember sl. Eignarhlutur Regins verður 47%, VÍS, 16%, og Benedikt Steingrímsson mun eiga 18,5%, Magnús Jóhannsson 14% og Særún Garðarsdóttir 3,7%. Áætlað er að kaupendur fái forkaupsrétt að hlutum hinna eigendanna og gert ráð fyrir að innan 12-18 mánaða muni félagið renna inn í samstæðu Regins.

Virði FM-húsa er við kaupin 3.750 milljónir kr. og verður félagið skuldlaust við kaupin en greitt er fyrir með reiðufé. Arðsemi viðskiptanna eru um 7%. Félagið var talið einkar áhugaverður fjárfestingarkostur m.t.t. leigusamninga, gæða eigna og leigutaka


Ljósm.: Guðni Gíslason

*Hafnarfjarðarbær leigir húsnæði Áslandsskóla.*

Jón Arilíus KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!
www.kökulist.is
Firði • sími 555 6655

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
AÐVENTUHÁTÍÐ
25-40% afsláttur
ALLAR SERÍUR OG JÓLALJÓS
ÞÍN VERSLUN Í HAFNARFIRÐI
Byggjum á betra verði
www.husa.is

FJARÐAR fréttir
**Útgefandi:** Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Guðni Gíslason
**Ritstjórn:** 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja · **Dreifing:** Íslandspóstur
ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
**Hönnunarhúsið ehf.**, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



## leiðarinn

Það er ánægjulegt til þess að vita að Hafnarfjarðarbær hefur sett ákvæði í innkaupareglur sínar sem eiga að tryggja að þeir sem vinna fyrir Hafnarfjarðarbæ, hvort sem þeir eru verktakar eða undirverktakar, skulu greiða laun skv. kjarasamningum. Þetta fer á lista yfir jákvæðar aðgerðir bæjarins og er ein leið til að berjast gegn mansali. Hins vegar eru engar reglur hjá Hafnarfjarðarbæ sem koma í veg fyrir að bærinn skipti við aðila sem vísir eru að slæmum viðskiptaháttum, standa í kennitölubraski eða greiða ekki reikninga sína. Á Íslandi er bara kvartað yfir slíkum gjörninum í heita pottinum en síðan er það gleymt.

Það er þarft hjá Neytendasamtökunum að vekja athygli á okri. Þau eru reyndar ekki ein um það og hefur ungur lögreglumaður vakið athygli með pistli sínum um okur. Samtök verslunar kvarta yfir því að fólk sé farið að panta vörur beint á netinu en þar er bein afleiðing okurs. Hvar okrið er hverju sinni er ekki alltaf á hreinu því milliliðirnir eru allt of margir. Ísland er alltof oft háð því að þurfa að kaupa af birgjum á Norðurlöndum í stað þess að kaupa beint af framleiðendum. Heildsalar leggja svo sitt á og smásölum þykir ekkert að því að leggja 100% á vörum. Því er ekki að undra að hægt sé að kaupa vörur á helmingi lægra verði í verslun í því dýra ríki Danmörku en hér á Íslandi. Nákvæmlega sömu merkjavöruna.+

Kannski það sé sóknarfæri hafnfirskra verslana að bjóða lægra verð og auka veltuhraðann?

*Guðni Gíslason ritstjóri.*





Fyrsti sunnudagur í aðventu
27. nóvember:

**Sunnudagaskóli kl. 11**

**Aðventustund kl. 13**

Örn Arnarson og Erna Blöndal
leiða stundina ásamt prestum.

*Sérstaklega er vænst þátttöku fermingarbarna og foreldra en allir að sjálfsögðu velkomnir.*

**Sjá nánar á www.frikirkja.is
og á Facebook**



**Víðistaðakirkja**

1. sunnudagur í aðventu

**Sunnudagur 27. nóvember**

**Sunnudagaskóli kl. 11**

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.
Kveikt á fyrsta aðventukertinu!

**Aðventuhátíð kl. 17**

**Bjarni Ara**
**Kór Víðistaðasóknar**
**Barnakór Víðistaðakirkju**
**Helga Þórdís Guðmundsdóttir.**
Ræðumaður:
**Haraldur Líndal Haraldsson**
bæjarstjóri Hafnarfjarðar

**Verið velkomin!**

**www.vidistadakirkja.is**

Ástjarnarkirkja

**1. sunnudagur í aðventu, 27. nóvember**

**Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11**

Barnakór kirkjunnar syngur.




www.astjarnarkirkja.is

**Þú nærð til allra Hafnfirðinga!**

**Auglýsingar**

**sími 565 3066 - 896 4613**
**gudni@fjardarfrettir.is**

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfarastofa.is • Allan sólarhringinn




ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFDÁN ÚTFARARÞJÓNUSTA
ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNAFJARÐAR



Frímann *s: 897 2468* | Hálfdán *s: 898-5765* | Ólöf *s: 898 3075*

www.uth.is -uth@uth.is Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775

# TIL SÖLU vegna flutninga

***– húsgögn og málverk***

Sími 565 3915, 691 7854

**Opið hús**

föstudag og laugardag

Sýnishorn:









# Jólaskemmtun við höfnina

## Jólaskemmtun og tendrun á jólatré frá vinabænum Cuxhaven

Á laugardaginn kl. 15 verða ljós á Cuxhaventrénu við Flensborgarhöfn tendruð og býður Hafnarfjarðarhöfn til skemmtunar á hafnarsvæðinu sem einkennist af léttri tónlist, leikskólakór og jólasveinum.

Að lokinni dagskrá er gestum boðið að þiggja heitt súkkulaði og kleinur á Kænunni. Vinabæjarsamskipti Hafnarfjarðarbæjar og Cuxhaven hafa varað allt frá því í september 1988. Vinabæjarfélög íbúa hafa verið drifkraftur í samstarfi og samvinnu á sviði menningar, íþrótta, atvinnulífs og stjórnsýslu. Hafnarfjarðarbær er eina sveitarfélagið á Íslandi sem heldur uppi vinabæjarsamskiptum við Þýskaland og einn þáttur í reglulegu samstarfi er að Cuxhaven færir bænum veglegt jólatré að gjöf fyrir aðventuna ár hvert og hefur því tré verið komið upp á hafnarsvæðinu við minnismerkið um fyrstu lúthersku kirkjuna á Íslandi sem þýskir kaupmenn reistu hér í Hafnarfirði fyrir miðbik 16 aldar.

Dagskráin á laugardag er mjög hefðbundin, Gísli Ó. Valdimarsson formaður formaður Vinabæjarfélagsins Hafnarfjörður Cuxhaven býður gesti velkomna og Jurgen Donner, formaður vinabæjarfélagsins í Cuxhaven flytur ávarp sem og Pétur Óskarsson



Ljósm.: Guðni Gíslason

varaformaður hafnarstjórnar og Diane Röhring staðgengill sendiherra Þýskalands. Leikskólabörn af leikskólanum Víðivöllum syngja og jólasveinar mæta á svæðið en í fyrra komu þeir siglandi með lóðsbáti.



Ljósm.: Guðni Gíslason

# Vitni óskast

Héraðssaksóknari óskar eftir vitnum að umferðarslysi sem varð á Reykjanesbraut rétt vestan við Reykdalsbrekku í Hafnarfirði 17. október sl. en tilkynning um árekstur barst lögreglu kl. 12.47. Þar rákust saman lögreglubifhjól í forgangsakstri og ljósgrár Hyundai en bæði ökutækin höfðu akstursstefnu í austur.



Þeir sem urðu vitni að árekstrinum eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við embætti héraðssaksóknara í síma 4440150 en einnig má senda póst á netfangið heradssaksoknari.is

Velkominn á Nóvemberhátíð Siglingaklúbbsins Þyts
í félags- og íþróttaaðstöðu félagsins að Strandgötu 88, laugardaginn 26. nóvember kl. 14:00
Áföngum fagnað og framtíðin reifuð.
Kaffi, kakó og vöflur með rjóma í boði.
Eldri sem yngri félagsmenn og velunnarar velkomnir.



# 17 hús opin í Jólaþorpinu um helgina

## Opið kl. 12-17 um helgar

Fjölmargt verður í boði í Jólaþorpinu á og við Thorsplan um helgina. Þorpið er með svipuðu sniði og í fyrra, opið frá kl. 12-17 um helgar til jóla. Á morgun, föstudag, verður opið kl. 18-20 þegar ljósin verða tendruð á jólatrénu. Það verður hún Dúna í Burkna, Sigrún Þorleifsdóttir, sem tendrar á trénu.

Jólahúsin eru 17 og þar má fá ýmsar gjafavörur, jólaskraut og jólavörur en einnig má fá ýmislegt matarkyns, kaffi, kakó, súpur, áfengislaust glögg, pönnukökur, sultur og fleira.

*Sækja má fjölmargar hugmyndir fyrir jólaþorpið t.d. hjá frændum okkar í Kaupmannahöfn þar sem jólaþorp spretta upp víða.*




Ljósm.: Guðni Gíslason




Ljósm.: Guðni Gíslason

## Einum mánuði fyrr í leikskóla

Samþykkt hefur verið að bjóða börnum fæddum í apríl og maí pláss í leikskóla í janúar 2017 í stað febrúar eins og verið hefur. Framvegis komast börn því einum mánuði fyrr á leikskóla ef pláss leyfir.

Kynstrin öll

JÓLADAGSKRÁ BÓKASAFNS HAFNARFJARÐAR

**Upplestur fyrir eldri börnin**

**Þriðjudaginn 29. nóvember kl. 17:00**

Gunnar Helgason - *Pabbi prófessor*

Ævar Þór Benediktsson - *Þín eigin hrollvekja*

**Seinna upplestrarkvöldið**

**Fimmtudaginn 1. desember kl. 20:00**

Davíð Logi Sigurðsson - *Ljósin á Dettifossi*

Lilja Sigurðardóttir - *Netið*

Þórarinn Eldjárn - *Þættir af séra Þórarinum*

Auður Ava Ólafsdóttir - *Ör*

**Munið fyrra upplestrakvöldið í kvöld fimmtudaginn 24. nóvember kl. 20**

# Lágflug Icelandair yfir Hvassahrauni

## Kanna flugvallarskilyrði með flugvélum sínum

Icelandair Group hyggst gera veðurfarsrannsóknir við Hvassahraun. Þetta er gert í framhaldi af starfi Rögnunefndarinnar svokölluðu en nefndin lagði til í lokaskýrslu sinni að „Flugvallarskilyrði í Hvassahrauni verði fullkönnuð með nauðsynlegum rannsóknum…“. Þessar rannsóknir munu hefjast á næstunni, þegar veðurfarsskilyrði henta.

Icelandair mun sjá um að gera þessar veðurfarsrannsóknir á svæðinu og mun nýta til þess tækjakost félagsins. Flugprófanirnar fara þannig fram að flugvélum frá Icelandair, sem ekki eru í áætlunarflugi, verður flogið eftir þeim aðflugsferlum sem eru fyrirséðir á nýju mögulegu flugvallarstæði. Tækjabúnaður um borð í vélunum mun nema og skrá mismunandi veðuraðstæður á svæðinu. Gert er ráð fyrir að yfirflugið standi með hléum næstu vikur og mánuði og tekur þá við úrvinnsla úr rannsóknarvinnunni.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um flugvöll né hefur staðsetning verið ákveðin.




# Nóvemberhátíð Siglingaklúbbsins Þyts

Á laugardaginn kl. 14 verður Nóvemberhátíð Siglingaklúbbsins Þyts haldin í félags- og íþróttaaðstöðu félagsins að Strandgötu 88.

Formaður Þyts Pétur Th. Pétursson setur hátíðina og segir frá áfangasigrum félagsins á árinu og framtíðaráformum, þar sem m.a. verða kynnt:

- Nýir róðra- og æfingatímar fyrir 7 til 10 ára, sem ákveðið hefur verið að bjóða upp á á laugardögum kl. 10 frá 14. janúar 2017 og hægt verður að fá niðurgreidda hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Siglingatækifæri fyrir siglingafólk á öllum aldri.
- Áform um um stofnun kajakdeildar innan félagsins.
- Stofnun áhugahóps um kappróður á einmenningsbátum.
- Einnig verður varpað fram spurningunni. Er grundvöllur fyrir að stofna bátamódeldeild?

Nýir félagar geta skráð sig í félagið. Leikir og þrautir, kaffi, kakó og vöflur verða í boði fyrir alla aldurshópa.

Allt siglingafólk, aðstandendur þeirra og velunnarar félagsins velkomið.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Þyts, www.sailing.is



## 25 ÁRA

# AFMÆLISVEISLA

**ÞAÐ ERU 25 ÁR SÍÐAN VIÐ OPNUÐUM FYRSTU 10-11 VERSLUNINA. VIÐ FÖGNUM ÞVÍ MEÐ BRAGÐGÓÐUM TILBOÐUM. TAKK FYRIR OKKUR.**




GÓU FLORIDABITAR **199** KR./PK.




KJÖRÍS MJÚKÍS 1L. **349** KR./STK.




NÓA RJÓMA-SÚKKULAÐI **249** KR./STK.




STJÖRNU OSTAPUFFS **129** KR./STK.



GRÆNA KAKAN **299** KR./STK.




COKE 1L. OG 3 HRINGIR **899** KR.

Einungis í völdum verslunum




FRÓN PIPARKÖKUR **299** KR./STK.




KIPPA AF COKE **799** KR./STK.




KRISTALL SÍTRÓNU 2L. **199** KR./STK.




KIPPA AF PEPSI **599** KR./STK.




ÍSPINNAR FROSTPINNAR **299** KR./STK.




HARIBO STJERNE MIX **299** KR./STK.

KIPPA AF APPELSÍNI **799** KR./STK.




KIMS SALTSTANGIR **129** KR./STK.




10-11

Gildir út nóvember, á meðan birgðir endast.

**REYKJAVÍK**

Laugalækur 9, Glæsibær, Austurstræti 17, Laugavegur 116, Lágmúli 7, Barónsstígur 4, Grímsbær, Héðinshús, Hjarðarhagi 47, Eggertsgata 24, Miklabraut 100, Kleppsvegur, Birkimelur 1, Bústaðavegur 20, Grjótháls 8, Suðurfell 4, Laugavegur 180, Við Vesturlandsveg, Borgartún 26, Bankastræti 11, Seljavegur 2

**KÓPAVOGUR**

Hjallabrekka 2, Dalvegur 20, Hagasmári 9

**HAFNARFJÖRÐUR**

Fjörður 13-15, Staðarberg 2-4, Melabraut 29, Reykjavíkurvegur 58

**GARÐABÆR**

Litlatún

**REYKJANESBÆR**

Hafnargata 55, Flugstöð Leifs Eiríkss., Fitjar

**AKUREYRI**

Kaupangur

**AKRANES**

Skagabraut 43



nettó
Sparaðu fyrir jólin!
-40%
AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR FYLLTUR M/KANEL OG EPLUM
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
1.499 KR KG
KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
ÁÐUR: 1.585 KR/KG
1.189 KR KG
-25%
markhönnun ehf
NAUTALUNDIR ERLENDAR - FROSIÐ
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.398 KR KG
Opal Seafood
OPAL LAX 1/2 FLAK - REYKTUR EÐA GRAFINN
ÁÐUR: 4.449 KR/KG
2.669 KR KG
-40%
KJÖTSEL
LAMBALÆRI FERSKT MEÐ SALT OG PIPAR
ÁÐUR: 1.698 KR/KG
1.494 KR KG
KJARNAFÆÐI
HANGIFRAMPARTUR - ÚRBEIN
ÁÐUR: 2.698 KR/KG
2.293 KR KG
-30%
KJÖTBORÐ
-50%
PASTATENINGAR SKINKA/BEIKON
ÁÐUR: 1.498 KR/KG
749 KR KG
SS
LAMBALÆRI - FROSIÐ
ÁÐUR: 1.394 KR/KG
1.199 KR KG
GOÐI
UNGNAUTAHAMBORGARAR 4X90 GR.MEÐ BRAUÐI
ÁÐUR: 1.398 KR/PK
979 KR PK
PIZZA TRADIZIONALE
TRADIZIONALE PIZZA - 3 GERÐIR
ÁÐUR: 749 KR/STK
599 KR STK
-20%
-20%
Nestlé
Barnamatur
KLEMENTÍNUR
99 KR KG
Nettó Hafnarfirði | Miðvangi 41 | Tilboðin gilda 24. – 27. nóvember 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Franskur gæðakalkúnn á frábæru verði*



KALKÚNN HEILL - FROSINN
STÆRÐ: 4,6 KG, 5,4 KG, 6,6 KG, 7,2 KG
**998 KR/KG** ❄



-25%

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA - FERSK
ÁÐUR: ~~3.957 KR/KG~~
**2.968 KR/KG**



GÆS HEIL 4 KG. - FROSIN
**1.749 KR/KG** ❄




*Fjölbreytt úrval af ís*

B&J 500 ML. AÐEINS:
**998 KR/STK**



TAKMARKAÐ MAGN!

*Verum fín um jólin*

JÓLAPEYSA 4 GERÐIR
**2.998 KR/STK**




ANNAS PIPARKÖKUHÚS 300 G
**599 KR/PK**




ÓDÝRT JÓLAPIPARKÖKUR 300 GR.
**269 KR/PK**




ANNA'S PIPARKÖKUR - 375 G
**498 KR/PK**




ONLY JÓLADAGATAL
**199 KR/PK**

# *Happy Thanksgiving*




EKTA AMERÍSK KALKÚNAFYLLING

## *Kalkúnafylling:*

1 skorpulaust brauð, skorið niður
1 laukur, saxaður
3 sellerí stönglar, skornir smátt
250 g. ferskir sveppir niðurskornir
1-2 egg
1/2 ltr mjólk (ca), hafa frekar blautt
50g. Brætt smjör
Salvía ca 1/2 staukur
Smá salt

Brauði, mjólk og salti blandað saman
Næst er bætt við lauk, sellerí, sveppum og salvíu
Smjörið brætt og því blandað saman við og svo að lokum eggjum.

Bakað við 175gráður í ca.60 mín.

# Hreppamenn sungu með Kvennakórnum

## Glæsilegir tónleikar kóranna í troðfullum Hásölum

Kvennakór Hafnarfjarðar söng ásamt Karlakór Hreppamanna í Hásölum á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Fullt var út úr dyrum og var gerður góður rómur að söng kóranna. Yfirskrift tónleikanna var Móðurmálið mitt en fyrir hlé flutti kvennakórinn hugljúfa tóna eftir ástsæla íslenska höfunda en eftir hlé steig á svið föngulegur hópur karla úr Hreppunum og hóf upp karlmannlega raust sína. Í lok tónleikanna sungu kórarnir saman hin alkunnu lög Rósina og Á Sprengisandi við góðar undirtektir áheyrenda. Það setti skemmtilegan svip á tónleikana að margar kórkvenna klæddust íslenskum búningi í tilefni dagsins og karlarnir voru glæsilegir í sínum íslenska hátíðarbúningi.




Ljósm.: Guðni Gíslason

*Bekkurinn var þétt setinn í Hásölum og góður rómur gerður að söng kóranna.*

Stjórnandi Kvennakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir og undirleikari kórsins er Antonía Hevesi. Edit Molnár er stjórnandi Karlakórs Hreppamanna og undirleikari er Miklós Dalmay.



Ljósm.: Guðni Gíslason

### FLÓAMARKAÐUR

Á laugardaginn heldur Kvennakórinn sinn árlega flóamarkað í sal Samfylkingarinnar við Strandgötu. Flóamarkaðurinn er einn af mörgum skemmtilegum viðburðum í kórstarfinu og hvetja kórfélagar Hafnfirðinga til að líta við í Strandgötunni og styðja þannig við starfsemi kórsins. Fyrstu helgina í desember syngur kórinn svo í Jólaþorpinu og á Syngjandi jólum í Hafnarborg.

Sjá fleiri myndir frá tónleikunum á www.fjardarfrettir.is





Strandgötu 49 - Hafnarfirði - Sími 555 4046




# Sýndu lit

Eigum allt fyrir málningarvinnuna

# Flutex 10

Gæðamálning

3 lítrar á aðeins

**2.490 kr.**




Flügger litir Dalshrauni 13, Hafnarfirði
Opið laugardaga 10-15

Flügger litir
flugger.is

## SMÁAUGLÝSINGAR

### þjónusta

**Tölvuaðstoð og viðgerðir**
Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple* & Windows. Kem í heimahús. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Tjöruhreinsun og bón vernda bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

**smáauglýsingar**
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is


## Á DÖFINNI

### Upplestur í Bókasafninu

Kynstrin öll er jóladagskrá Bókasafns Hafnarfjarðar. Í dag kl. 20 verður upplestrarkvöld þar sem Stefán Máni les úr Svarta galdri, Gerður Kristný les úr Hestvík, Andri Snær Magnason les úr Sofðu ástin mín og Vigdís Grímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir lesa úr Elsku Drauma mín.
Á þriðjudaginn kl. 17 les Gunnar Helgason úr bókinni Pabbi prófessor og Ævar Þór Benediktsson les úr bókinni Þín eigin hrollvekja.

### Cuxhaventréð

Ljósin verða tendruð á Cuxhaventrénu við Flensborgarhöfn á laugardaginn kl. 15. Tónlist, ávörp og jólasveinarnir mæta. Veitingar í Kænunni á eftir.

### Nóvemberhátíð

Nóvemberhátíð Siglingaklúbbsins Þyts að Strandgötu 66 á laugardaginn kl. 14. Áföngum fagnað og framtíðin reifuð. Kaffi, kakó og vöfflur með rjóma. Félagsmenn og velunnarar velkomnir.

### Flóamarkaður

Flóamarkaður Kvennakórs Hafnarfjarðar verður í sal Samfylkingarinnar, Strandgötu 43, á laugardaginn kl. 12-17. Fatnaður, skór, leikföng, tertur og góðgæti og margt fleira.

### Hafnarborg

Í Sverrissal er sýningin Vor með portrettum Birgis Snæbjörns Bigissonar af þingmönnum. Í aðalsal safnsins er sýningin „Bygging sem vera og borgin sem svið" þar sem Egill Snæbjörnsson er með innsetningu.

*Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is*

# NÚ – óhefðbundinn grunnskóli

## Einstaklingsmiðuð kennsla með áherslu á heilsu




Unglingaskólinn NÚ er nú á sínu fyrsta starfsári en hann er fyrir nemendur í 8.-10. bekk grunnskóla. Markmið NÚ er að skapa skólaumhverfi þar sem nýjum kennsluaðferðum og nútímatækni er beitt til að einstaklingsmiða nám. Skólinn starfar eftir aðalnámsskrá grunnskóla en leggur áherslu á íþróttir með því að gefa nemendum tækifæri til að samtvinna íþróttaáhuga sinn við grunnskólanámið. Markmið NÚ er að nemandinn sinni námi sínu af sama metnaði og íþróttinni og hefur skólinn að markmiði að skapa umhverfi þar sem nemendur finna til ábyrgðar, áhuga, heilbrigði og þó sérstaklega til ánægju.

Í skólanum eru nú 35 nemendur en stefnt er að fjölgun næsta haust. Skólinn er óhefðbundinn m.a. að því leyti að árinu er skipt upp í lotur þar sem þrjú fög eru kennd í þrjár vikur í senn. Allt námsefnið er aðgengilegt á tölvu sem hver nemandi hefur aðgang að og er nemendum gert kleift að stjórna hraðanum sjálfir. Allir morgnar hefjast á „NÚ-veru" sem er blanda af slökun, öndun og markmiðasetningu og þá er sérstaklega heilsusamlegur matur á boðstólum.

### SITJUM EKKI ALLAN DAGINN

**Edda Sóley Arnarsdóttir** er í 10. bekk í NÚ. Hún var áður í Hvaleyrarskóla en vildi breyta til. „Mig langaði að leggja meiri áherslu á íþróttir og prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Þetta er allt öðruvísi en gamli skólinn minn. Við til dæmis sitjum ekki allan daginn, við erum miklu virkari. Við erum meira að leggja áherslu á sjálft lífið, ekki bara hvort okkur gangi vel í náminu heldur í lífinu almennt. Við gerum afreksvenjur, hvað er gott að venja sig á, borða hollan mat og annað til að manni líði almennt betur. Við höfum farið í næringarfræði og fleira sem passar við okkar íþrótt. Dagurinn er svo fljótur að líða, það er alltaf svo gaman," segir Edda Sóley sem æfir hópfimleika með Stjörnunni.

*Hvað finnst þér skemmtilegast?*

„Mér finnst listgreinarnar skemmtilegastar núna. Við í 10. bekk vorum að gera leikrit sem var svo gaman," segir Edda sem hlakkar ávallt til að fara í skólann.



Edda Sóley Arnarsdóttir, nemandi í skólanum.

### NÚVERA, JÓGA OG HREYFING Í KENNSLU

**Ágúst Ingi Davíðsson**, kallaður Ingi, er í 8. bekk í NÚ. Hann æfir fimleika með Gerplu og gekk áður í Öldudelsskóla.

*Hvað er skemmtilegast?*

„Fólkið hérna. Allir eru svo kurteisir og góðir. Bæði nemendur og starfsfólkið," segir Ingi óhikað.

*Hvað er öðruvísi?*

„Stofurnar eru öðruvísi. Við liggjum, sitjum og stöndum í tímum sem er svo gott. Í gamla skólanum mínum voru fimleikarnir eitt og skólinn eitt. Þetta var ekkert blandað saman en hér blandast þetta miklu meira saman og maður er ekki eins stirður og óundirbúinn á æfingum. Við förum líka alltaf í núveru á morgnanna, það er slökun, og hugsum og hugleiðum og gerum jóga. Það er búið að kenna okkur að anda rétt. Þegar við förum út að hreyfa okkur þá gerum við verkefni á meðan við erum að hreyfa okkur. Hér eru engin leiktæki eða vellir og engar frímínútur en við göngum úti og notum hverfið. Hlustum á meðan við göngum eða tölum ensku eða dönsku til að æfa okkur," segir Ingi.



Ágúst Ingi Davíðsson, nemandi í 8. bekk Nú.

Aðspurður um uppáhaldstímann sinn í skólanum svarar hann að það sé núna myndlist en þó sé allt svo skemmtilegt að erfitt sé að velja eitthvað eitt. „Mér líður bara svo rosalega vel hérna," segir Ingi glaður að lokum.

# Ókeypis blóðsykursmælingar

## Lionsklúbbarnir mæla blóðsykur í Firði á laugardag

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar, Lionsklúbburinn Ásbjörn og Lionsklúbburinn Kaldá munu bjóða almenningi upp á ókeypis blóðsykurmælingu í verslunarmiðstöðunni Firði á laugardaginn milli kl. 11 og 16. Markmiðið er að vekja almenning til umhugsunar um hættuna sem getur stafað af því að ganga með dulda sykursýki. Einkenni sykursýki getur verið þorsti, tíð þvaglát, þreyta, lystarleysi og þyngdartap, kláði umhverfis kynfæri og sýkingar í húð og slímhúðum. Hins vegar geta þeir sem eru með insúlínóháða sykursýki verið einkennalausir eða með lítil einkenni mjög lengi.

Alþjóðlegur dagur sykursjúkra er 14. nóvember á hvert og eru mælingarnar gerðar í tilefni þess. Sykursýki er vaxandi vandamál um allan heim og herjar á fólk á öllum aldri. Oraskir insúlínóháðrar sykursýki (sykursýki 2) eru í um 80% tilfella tengdar lífsstíl fólks, yfirþyngd og hreyfingarleysi.

Almenningur er hvattur til að nýta sér þessa þjónustu því reynslan hefur sýnt að ekki er vanþörf á.

Ertu í fasteignahugleiðingum?
Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat
„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta"
Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala
sími 896 6076
as@remax.is
RE/MAX FJÖRÐUR
Ársæll Steinmóðsson aðst.m. í lögg.námi
Páll B. Guðmundsson löggiltur fasteignasali
Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

# Jólaþorpið

**FÖSTUDAGUR KL. 18-20**

18:00-18:15 Lúðrasveit Hafnarfjarðar
18:15-18:20 Ávarp - Sigrún Þorleifsdóttir (Dúna)
18:20-18:30 Karlakórinn Þrestir og Páll Rósinkranz
18:30-18:40 Ljósin tendruð á jólatrénu
19:00-19:10 Flugeldasýning
19:00-20:00 Jólasveinar bregða á leik.

**LAUGARDAGUR KL. 12-17**

14:00-14:15 Antonía og Fanný syngja
14:40-15:15 Jólafía og Jólafur
15:15-15:30 Skjóða skemmtir.

**SUNNUDAGUR KL. 12-17**

14:30-15:30 Sveinn Sigurjónsson leikur á harmónikku
14:30-14:45 Alan Jones úr The Voice
15:00-16:00 Jólaball.

Jólaþorpið í Hafnarfirði

# ÍÞRÓTTIR

## Handbolti:

24. nóv. kl. 18.30, Vestmannaeyjar
ÍBV – FH, *úrvalsdeild karla*

**ÚRSLIT KVENNA:**
Haukar - Jomi Salerno: 23-19
Jomi Salerno - Haukar: 22-27
KA/Þór - FH: 25-21
Fram - Haukar: 17-16

**ÚRSLIT KARLA:**
Haukar - Valur: (miðvikudag)
FH - Grótta: 26-22
Haukar - Selfoss: 40-30

## Körfubolti:

**25. nóv. kl. 19.15, Ásvellir**
**Haukar - Keflavík**, *úrvalsdeild karla*
**30. nóv. kl. 19.15, Ásvellir**
**Haukar - Keflavík**, *úrvalsdeild kvenna*

**ÚRSLIT KARLA:**
Njarðvík - Haukar: 98-88

*ALLIR VELKOMNIR - AÐGANGUR ÓKEYPIS*

# Jóla- og góðgerðadagurinn

**Álftanesi, laugardaginn 26. nóvember**
**í Íþróttamiðstöðinni kl. 12.00 – 16.00**

**Handverksmarkaður, tombóla, fríar veitingar og fleira**
Kynnar: Beggi og Pacas

ATH. Það er því miður enginn hraðbanki á staðnum

UMFÁ býður fríar veitingar í tilefni 70 ára afmælis félagsins

**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ:**

*12:30-13:00* ***Setning:** Auður S. Arndal, formaður Foreldrafélags Álftanesskóla*
***Guðni Th. Jóhannesson**, forseti Íslands, flytur ávarp*
***Álftaneskórinn** undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar flytur nokkur lög*
*13:00-13:30* ***Heiðar í Pollapönk** spilar og syngur*
***Æskusirkus frá Sirkus Íslands** - 10 til 15 ára drengir sýna listir sínar*
*13:30-14:00* ***Tískusýning** - nemendur úr 5. bekk sýna eigin hönnun - Grænfánaverkefni Álftanesskóla*
*14:00-14:30* ***Uppboð** til styrktar Líknarsjóði Álftaness*
*14:30-15:00* ***Dansfárið** - stúlkur úr 10. bekk Álftanesskóla sýna vinningsdansinn frá 2015*
***Bríet Eva Sigurðardóttir**, fyrrum nemandi í Álftanesskóla, syngur nokkur lög*
*15:00-15:30* ***Soo Bahk Do - landsliðshópur og barnahópur** úr Taekwondo-deild UMFÁ sýna nokkur atriði*
***Tara Sif Þrastardóttir**, keppandi í The Voice Ísland, syngur nokkur lög*
*15:30-16:00* ***Hraðbingó Lions** - allir spila - ókeypis bingóspjöld - veglegir vinningar*
*16:10-16:40* ***Ljósin tendruð á jólatrénu úti og jólasveinar mæta á svæðið***

*Lionsklúbburinn Seyla og Lionsklúbbur Álftaness bjóða upp á ókeypis blóðsykursmælingar.*
*Líknarsjóður Álftaness tekur á móti AUKApakkanum og Rauði krossinn tekur á móti fatapokanum.*
*Hægt er að panta sölu- og kynningarborð fyrir 24. nóvember í gegnum netfangið godgerdadagur@gmail.com.*
*Hvert söluborð kostar 4000 kr. Upphæðin rennur óskipt til Líknarsjóðs Álftaness.*

Nemendur úr 10. bekk Álftanesskóla sjá um veitingar sem eru í boði UMFÁ.
Nemendur úr 7. bekk Álftanesskóla verða með dekurhorn.
Nemendur úr 6. bekk Álftanesskóla verða með jólamerkimiða til sölu.
Nemendur úr 4. bekk Álftanesskóla verða með lukkuhjól og allur ágóði mun renna til góðra málefna.

GARÐABÆR 40

Foreldrafélag Álftanesskóla og hin ýmsu félagasamtök á Álftanesi

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a
Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.
Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.
Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.
ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Hnoðravellir 46-50
Glæsileg raðhús m/bílskúr samt. 179 m². Fullbúin að utan og frágengin lóð. Rúml. tilbúin til innréttinga.

4 svefnhb. í endahúsunum. Vönduð hús. 52,5 – 53,9 millj.
HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

Burger★inn

Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

# Skarðshlíðarskólastarf hefst á öfugum enda í hverfinu

## Aka á börnum úr Skarðshlíð í nýtt safnaðarheimili Ástjarnarkirkju

Starfshópur um skóla í Skarðshlíð lagði til á fundi sínum 25. október sl. að Vellir 5B og Vellir 6 verði í nýju skólahverfi og frá hausti 2017 verði öll börn í 1.-4. bekk í þessum hverfum í nýja skólanum.

Lagði starfshópurinn til að fyrsta starfsár hins nýja skóla, 2017-2018, verði í nýju safnaðarheimili Ástjarnarkirkju á Kirkjuvöllum. Samþykkti fræðsluráð þetta á fundi sínum 2. nóvember sl.

Safnaðarheimilið er alveg í hinum enda hverfisins, langt frá Skarðshlíð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um skólaakstur en starfshópurinn ræddi um að börn fái akstur til og frá skóla. Rætt var um að biðstöðvar verði 2-3 eftir þörfum og lögð áhersla á að skólaliði verið til aðstoðar í hverri rútu.

### ALÚTBOÐ

Fræðsluráð lagði áherslu á að undirbúningur aðalútboðs vegna framkvæmdar við nýjan skóla í Skarðshlíð verði hraðað eins og kostur er en fyrsta áfanga framkvæmdarinnar á að vera lokið fyrir haustið 2018.


Ljósm.: Guðni Gíslason
*Ekki er lengur hægt að taka við fleiri nemendum í Hraunvallaskóla.*

# Haukar áfram

## Handbolti kvenna

Kvennalið Hauka gerði sér lítið fyrir og sigraði ítalska liðið Jomi frá Salerno í áskorendabikarkeppni Evrópu.

Báðir leikirnir voru spilaðir á Ítalíu og unnu Haukar fyrri leikinn 23-19 og þann síðari 27-22. Maria Ines var markahæðst með 7 mörk í fyrri leiknum og Ragnheiður Sveinsdóttir skoraði 4 mörk. Í seinni leiknum skoraði Maria aftur 6 mörk sem og Ragnheiður Ragnarsdóttir en Ramune kom næst með 5 mörk. Elín Jóna Þorsteinsdóttir varði mjög vel í leikjunum tveimur og lagði grunninn að sigrunum um helgina.

Með sigrunum um helgina tryggðu Haukastúlkur sig í 16-liða úrslit og leika við Virto/Quinttus frá Hollandi. Leikirnir fara fram í janúar á næsta ári.

Haukar eru í þriðja sæti í úrvalsdeildinni sem komin er í frí fram yfir áramót.

FJARÐAR fréttir
Smelltu á LIKE
og skoðaðu myndir á Facebook síðu Fjarðarfrétta
FRÉTTASKOT
Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is


Jóladagur
Carita snyrting
Árlegi jóladagurinn okkar verður haldinn fimmtudaginn 1. desember frá kl 11-19.
20% afsláttur af gjafabréfum og vörum þennan eina dag.
CARITA
snyrting
www.carita.is | Dalshrauni 11 | sími 555 4250







# Ofurtilboð







# Ofurtilboð






Finndu okkur á

# FJARÐAR fréttir

FJÖRÐUR

Fös. 25. nóv.

## Jólaþorpið

opnar kl. 18:00

kveikt verður á jólatrénu



Geir Ólafsson



Stefán Hilmarsson

## *Flugeldasýning kl.19:00*

*í samvinnu við Björgunarsveit Hafnarfjarðar!*

Kynnir: Felex Bergsson

*Dagskrá á Thorsplani:*

*Jólasveinarni mæta á svæðið*

Kl. 18:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar

Kl. 18:15 Ávarp Dúna í Burkna

Kl. 18:20 Karlakórinn Þrestir og Páll Rósinkranz

Kl. 18:30 Dúna og Felex aðstoða börnin við að kveikja á jólatrénu

*Dagskrá í Firði:*

Kl. 19:00 Flugeldasýning

Kl. 19:10 Stefán Hilmarsson

Kl. 19:30 Geir Ólafs.

Kl. 20:00 Björgvin Franz og Ester Jökuls

*Léttar veitingar og tilboð í öllum verslunum.*



Björgvin Franz og Ester Jökuls – Hnallþórujól



Páll Rósinkranz og Karlakórinn Þrestir

*Hestakerra keyrir um Strandgötuna til kl. 20*

# Ofurtilboð eða TaxFree

í verslunum Fjarðar alla helgina

Opið til kl. **21:00** föstudag

Laugardag 11-17

Sunnudag 12-17

